

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/773*  
*komudagur 19.2.2002*

Heilbrigðis og trygginganefnd.

Varðandi frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál heildarlög.

Ég geri hér fyrir hönd Félags Íslenskra Röntgenlækna athugasemd varðandi 15. gr. frumvarpsins hvað varðar ábyrgðarmann.

Í greininni segir að ábyrgðarmaður skuli meta hvort notkun geislunar sé réttlæt看leg við sérhverja læknisfræðilega geislun osfv. Á hverri röntgendeild er einn ábyrgðarmaður. Á þeirri stærstu hér á landi framkvæmda tugir starfsmanna um 75 þúsund rannsóknir sem flestar falla undir lög þessi. Það gefur því augaleið að ábyrgðarmaður getur ekki metið hvort sérhver læknisfræðileg geislun sé réttlæt看leg né sinnt persónulega öðrum atriðum í grein þessari sem fjalla um eins og það er orðað sérhverja læknisfræðilega notkun geislunar. Yfirlæknir viðkomandi deildar er að jafnaði ábyrgðarmaður. Þessu eftirlitshlutverki ábyrgðarmanns hlýtur hann því að framvísa til starfsmanna sinna þótt formleg ábyrgð sé hans. Ég tel að ekki sé unnt að skilja lagadrögin í núverandi mynd á þennan hátt en það má vera að nægilegt sé að þessi skilningur komi skýrt fram í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins.

Með virðingu

Pétur H Hannesson, formaður  
Félags Íslenskra Röntgenlækna.